

Sveitarfélagið Stykkishólmur / Stykkishólmsbær
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmi

Garðabær, 21. ágúst 2025
202507-0090/A.B.
08.01

Efni: Umsögn – Breyting á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012–2024 - Hólar 5a

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Stykkishólmsbæjar vegna breytingar á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012–2024 vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar íbúðar- og frístundabyggðar á Hólum 5A, sem barst Náttúruverndarstofnun 16. júlí síðastliðinn. Tilgangur breytingarinnar er að breyta landnotkun á 3,2 ha landbúnaðarlandi í 1,3 ha íbúðarbyggð og 1,9 ha frístundabyggð. Áformað er að byggja þrjú frístundahús (allt að 140 m² hvert) og eitt íbúðarhús (allt að 250 m²).

Svæðið er í dag skilgreint sem landbúnaðarland en telst grýtt og votlent og því ekki hentugt til ræktunar, samkvæmt greinargerð. Gert er ráð fyrir að aðkoma verði frá Hólavegi og að fyrirliggjandi deiliskipulag verði auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Gróður, vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að lítið sé um gróður innan skipulagssvæðisins og að það henti ekki til ræktunar. Náttúruverndarstofnun bendir hins vegar á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands telst meginhluti svæðisins til vistgerðarinnar tún og akurlendi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins geta verði búsvæði fyrir algengar varptegundir fugla á íslensku láglendi. Ræktuð tún og opið graslandi í dreifbýli eru oft nýtt af tegundum á borð við heiðlóu (*Pluvialis apricaria*), spóa (*Numenius phaeopus*) og hrossagauk (*Gallinago gallinago*), en heiðlóa og spói teljast báðar til ábyrgðartegunda Íslands vegna þess hve stór hluti af evrópska stofninum verpir hér. Ísland ber alþjóðlega verndarskyldu gagnvart þessum tegundum samkvæmt Bernarsamningnum.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Friðunin tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. Auk þess segir í 2. mgr. 6. gr. sömu laga að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Auk þess bendir stofnunin á rannsóknir hafa sýnt að stofnar íslenskra mófugla hafa verið í hnignun á undanförunum árum, einkum vegna búsvæðarasks og breyttrar landnotkunar.

Framkvæmdir á slíkum svæðum geta því haft neikvæð áhrif á fuglalíf, sérstaklega ef þær fara fram á varptíma.

Því er mikilvægt að horfa til stefnu sveitarfélagsins vernd mófugla og í deiliskipulagi verði gert ráð fyrir mótvægisaðgerðum til að lágmarka áhrif á fuglalíf og aðkomu að hugsanlegum búsvæðum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur